

Páskaeggjaleit í Snæfellsbæ



Á annan í páskum bauð Snæfellsbær íbúum sínum til páskaeggjaleitar í skógræktum sveitarfélagsins. Bæjarbúar fjölmenntu í fjölskyldusamveru og páskaeggjaleit í blíðskaparviðri í Skógræktinni við Bjarnarfoss, í Tröðinni á Hellissandi og í Réttarskógi í Ólafsvík.

Snæfellsbær hélt viðburðinn í samstarfi við skógræktarfélagin í Snæfellsbæ en Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttar- og æsku-

lýðsfulltrúi Snæfellsbæjar, sá um skipulag og framkvæmd. Falin voru súkkulaðiegg innan um gróðurinn og hlupu svo spennir krakkar af stað í leit af eggjunum. Mikil kærleikur ríkti á meðal barnanna og sáu allir þátttakendur til þess að ekkert barn færi tómhent heim með samvinnu og hjálpssemi. Eftir að öll páskaegginn voru fundin naut fólk samveru og útiveru í skógræktinni.

SJ

Víkingar mæta Keflavík í 16 liða úrslitum

Á köldum skírdegi tóku Víkingar á móti Úlfunum í 32-liða úrslitum Mjólkurbikarins. Það færðist fljótt hiti í leikinn þegar Úlfarnir skoruðu á 9. mínútu og komust 0-1 yfir. Úlfarnir héldu ekki lengi forystu því Ingvar Freyr Þorsteinsson, fyrirliði Víkings, jafnaði muninn á 12. mínútu og stuttu á eftir bættu Kristófer Áki Hlinason, Ellert Gauti Heiðarsson og Björn Darri Ásmundsson við mörkum svo á 22. mínútu var staðan orðin 4-0 fyrir heimamönnum. Þá fór leikurinn að róast og bætti Ingvar

Freyr við öðru marki á 41. mínútu. Eftir hálfleik kom Ingólfur Sigurðsson inná og færðist meiri hiti aftur í leikinn eftir 53. mínútu. Þá sett Ingólfur boltann í mark andstæðinganna á 65. og 84. mínútu svo leikurinn endaði 7-1 fyrir Víkingi sem hafa verið að gera góða hluti í Mjólkurbikarnum. Næsti leikur Víkinga í Mjólkurbikarnum er í 16-liða úrslitum við Keflavík og fer leikurinn fram á HS Orkuvellinum í Keflavík 14. maí.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurpþjónusta
- Smábátapþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Tónleikar með Stebba og Eyfa í Klifi

Á Skírdag gerðu félagarnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson sér ferð vestur til Snæfellsbæjar og héldu tónleika í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Tóku þeir þar sína helstu slagara fyrir gesti og spjölluðu á léttu nótunum á milli laga.

Eyjólfur Kristjánsson átti afmæli þennan dag svo að afmælissöngurinn var tekinn fyrir hann auk þess sem einn gesturinn átti afmæli daginn áður og fékk Ómar Hall Sölvason líka afmælissöng. Um 100 manns voru saman kominn á tónleikana til að hlýða á söngvarana og lét fólk vel af tónleikunum. Dregið var úr seldum miðum og fengu heppnir tónleikagestir páskaegg frá Góu.

SJ



Aðstoðarskólastjóri

Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Grunnskóli Snæfellsbæjar er þriggja starfstöðva grunnskóli með um 220 nemendur. Starfstöðvar hans eru í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsu. Nánari upplýsingar um skólann eru á heimasíðu hans, á slóðinni <http://www.gsnb.is/>

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hafi leyfisbréf sem grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar.
- Stjórnunarreynsla í grunnskóla.
- Reynsla af upplýsinga- og kennslustörfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulagshæfileikar.
- Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2025. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknir sendist fyrir 6. maí til skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, á netfangið hilmara@gsnb.is. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi og starfsreynslu.

Frekari upplýsingar veitir Hilmar Már Arason í síma 894 9903 eða hilmara@gsnb.is.



Guðný heimsótti Kríuból



Guðný Ósk Karlsdóttir kom á Kríuból með dans og tónlistarsmiðju föstudaginn 11. apríl. Áhersla var á að efla hreyfifærniþroska, ímyndunarafli og sköpunarkraft barnanna. Í gegnum dansinn og tónlistina kenndi hún börnunum mikilvægi hugrekkis, þakklætis, virðingar og hjálpssemi. Söguviðið í smíðunni er Regnbogaland og leitinn að regn-

boganum er þessa sögunnar. Þá var sungið lög úr sögunni Leitin á Regnboganum sem Guðný Ósk Karlsdóttir samdi og er hægt að finna söguna með lögum í heild sinni á Spotify. Foreldrafélagið Leikur bauð börnunum upp á þessa skemmtilegu smíðu sem mikil ánægja var með.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617

Herrakvöld



Sker 26. Apríl

Veislustjórar
Tommi Steindórs
Ræðumaður

Gunnar Birgis
Óli Adolfs

Húsið opnar 19:30
Dagskrá hefst 20:00

Matseðill Naut og
béarnaise að hætti
Lilju á Sker

Miðasala Sjoppunni
Fannar 865 7408
Styrmir 847 2248



Happaðrætti Fyrsti
vinningur heilt holl
í laxveiði
Málverka uppboð Tolli,
Bjarni Þór og Vigdís
Bjarnadóttir

Miðaverð 9.900 kr

AJS

Vægi sjávarútvegs og íbúápróun


Líkt og kom fram í 1155. tölu-
blaði Jökuls kom nýlega út Glefsa
eftir Vífil Karlsson hjá SSV er fjall-
aði um vægi sjávarútvegs í útsvars-
grunni sveitarfélaga. Í framhaldi
af því hefur Vífill tekið saman
nýja Glefsu sem ber heitið Vægi

sjávarútvegs og íbúápróun þar
sem borið er saman íbúápróun
sveitarfélaga og vægi sjávarútvegs
árin 2016 til 2024, ákveðið var að
greina á milli fiskveiða og fisk-
vinnslu. Í ljós kom að íbúápróun
er jákvæð í flestum sveitarfélög-

um að jafnaði á þessu tímabili og
sum staðar mjög jákvæð. Athygli
vekur samt að mjög jákvæða
byggðapróun er hvergi að finna
í röðum þeirra sveitarfélaga sem
eru frekar eða mjög háð fiskveið-
um. Það þýðir að íbúápróun hefur
verið óhagfelldari í fiskveiðisam-
félögum en öðrum samfélögum á
landinu og óhagfelldari eftir því
sem umfang greinarinnar eykst.
Til frekari samanburðar var síð-
an sett fram samskonar mynd af
ferðaþjónustu sem gefur til kynna
að íbúum hafi fjölgað mest þar

sem hlutur ferðaþjónustunnar er
sem mestur í viðkomandi sveitar-
félagi. Segir Vífill það freistandi
að ráðleggja sjávarútvegssveitar-
félögum að hasla sér völl í ferða-
þjónustu. Ólíkt sjávarútvegin-
um virðist aukið vægi ferðaþjón-
ustunnar frekar hafa tilhneigingu
til að fjölga íbúum jafnvel þó tölur
Hagstofunnar bendi til að launin
séu hærri bæði í fiskveiðum og
fiskvinnslu en í ferðaþjónustu.
Glefsuna í heild sinni má nálgast
á vefsíðu SSV, www.ssv.is.

SJ





FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Opnun á listasýningu í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Laugardaginn, 12. apríl, var boðið til opnunar á nýrri sýningu í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Sýningin er eftir Birgit Guðjónsdóttur og heitir Varðveitt augnablik eða Preserved moments. Birgit er íslensk kvikmyndatökukona sem býr bæði á Snæfellsnesi og í Berlín, hún er menntaður ljósmyndari en hún hefur varið flestum starfsárum sínum í kvikmyndagerð. Birgit hefur alla tíð verið heilluð af fegurð og kröftum náttúrunnar. Hún heldur úti Arctic Canvas ásamt dóttur sinni Hedí Jónsdóttur, en það er listamannaðsetur og skapandi athvarf sem staðsett er á Hellnum. Í sýningunni Varðveitt augnablik kynnir hún myndir sem skoða þema minnisins, spyr hún spurninga eins hvernig býr maður til og varðveitir minningar og þær tilfinningar sem þær vekja og hvernig kemst staður, og upplifanir sem tengjast honum, inn í spilið? Eitt lykilatriði í þessari skoðun hennar er tengingin við Snæfellsjökul. Birgit endurspeglar hvernig varðveisla minninga hefur sterk tengsl við varð-



veislu sjálfs jökulsins. Birgit hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf sín á alþjóðavettvangi, með kvikmyndum sem hafa verið tilnefndar á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Berlinale. Nýjasta kvikmynd hennar, Ljósvíkingar, var tilnefnd sem besta mynd á Eddunni íslensku kvikmyndaverð-

laununum 2025 en Birgit hefur einnig hlotið heiðursverðlaun á þýsku kvikmyndatökufraeðiverðlaununum. Sýning hennar mun standa í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi fram í júlí en nú hefur

sumaropnun á gestastofum Snæfellsjökulþjóðgarðs tekið gildi og verður opið alla daga á Hellissandi frá 9:30 til 17.

SJ

Stóri plokkgagurinn 27. apríl

Sunnudaginn 27. apríl næstkomandi verður Stóri plokkgagurinn haldinn um allt land. Þá eru íbúar allra sveitarfélaga hvattir til að taka til hendinni, plokka rusl og fegra nærumhverfi sitt í tilefni dagsins. Snæfellsbær mun taka þátt í deginum og útvegar plokkrum poka sem hægt verður að nálgast í Ráðhúsi Snæfellsbæjar og öðrum völdum stöðum sem verða auglýstir á miðlum Snæfellsbæjar þegar nær dregur. Þá verður gáumum

komið fyrir við Áhaldahúsið í Ólafsvík, Röstina á Hellissandi og grenndarstöðina á Rífi þar sem íbúar geta losað sig við af-rakstur plokksins. Stóri plokkgagurinn er kjörið tækifæri til að sameina hreyfingu og fegrun á umhverfinu eftir páska-hátíðina. Nú þegar farið er að vora og gróðurinn að taka við sér eftirveturinn er rusl víða áberandi, það er því um að gera að sýna umhverfinu og samfélaginu kærleik og plokka upp ruslið.

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Lionsþing í Ólafsvík um næstu helgi



Félagar í Lionsklúbbi Ólafsvíkur og Lionsklúbbum Rán bjóða Lions félögum á Íslandi til 70. fjölumdamisþings Lions í Ólafsvík dagana 25. til 26. apríl næstkomandi. Þetta er í annað sinn sem slíkt þing er haldið í Ólafsvík en síðast var það haldið hér árið 2007. Hátt í 200 manns munu leggja leið sína til Snæfellsbæjar þessi helgi, Ólafsvík verður miðstöð þinghaldsins og mun mannlíf bæjarins og næsta nágrennis að mestu leyti snúast um þingið en

um 85% af gistingu á svæðinu er uppbókuð þessa daga. Lionsfélagar vinna þessa dagana hörðum höndum að því að gera allt tilbúið fyrir gestina og eru verkefnið misjöfn eins og þau eru mörg. Til að mynda tók vaskur hópur af félögum klubbanna sig saman á annan í páskum og máladi regnbogagötuna í Ólafsvík í samvinnu við Snæfellsbæ svo að hún yrði tilbúin í tæka tíð fyrir umrætt þing.

SJ

Launafólk athugið ORLOFSUPPBÓT 2025

Mínum félagsmenn á rétt sinn á að fá greidda orlofsuppbót/persónuuppbót, en það er föst fjárhæð sem atvinnurekendur er skyld að greiða starfsfólki sínu ár hvert.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði:

60.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

Starfsfólk hjá ríkinu:

60.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

Starfsfólk sveitarfélaga:

59.500 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. maí.



Kynningarfundur Stjörnu Sævars

Í lok mars var Sævar Helgi Bragason með erindi um almyrkva á sólu í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Sævar, eða Stjörnu Sævar eins og hann er oft kallaður er einn sá fróðasti hér á landi um almyrkva sólu og hefur farið víða um land með fræðslu um sólmyrkvann. Þann 12. mars 2026 verður almyrkvi á sólu sjáanlegur frá Íslandi í fyrsta sinn síðan 1954. Almyrkvaslóðin liggur yfir Vestfirði, Snæfellsnes, höfuðborgarsvæðið og Reykjanesskaga. Þetta mun einnig vera fyrsti almyrkvinn sem sést frá Reykjavík síðan 17. júní 1433. Atburðurinn mun láða að fjölda ferðmanna víða að úr heiminum til Íslands. Snæfellsnes verður áfangastaður í brennidepli þar sem atburðarrásin mun sjást einkar vel frá svæðinu og í Snæfellsbæ mun almyrkvinn sjást lengst eða í 2 mínútur og 10 sekúndur. Ragnhildur Sigurðardóttir, nýr þjóðgarðsvörður hélt stutt fræðsluerindi um Snæfellsjökulþjóðgarð og Eva Dögg yfirlandvörður fór yfir það sem við er að búast hjá okkur í þjóðgarðinum



við sólmyrkvann og hvernig við getum, í samvinnu við aðra sem málið varðar, tekið á móti þeim fjölda gesta sem leggur ferð sína hingað þennan dag. 17 þingmenn úr öllum flokkum vilja að grip-ið verði til ráðstafana fari svo að skapist ringulreið í tengslum við sólmyrkvann. Mikill fjöldi fólks mun streyma að einum tilteknum stað eða nokkrum stöðum,

jafnvel þar sem engir innviðir eru til staðar til að flytja þetta fólk, veita því nauðsynlega þjónustu, svo sem salerni og veitingar, eða gæta öryggis þess. Þá getur myndast örtröð eftir viðburðinn þegar fólk er á heimleið. Þingmennirnir leggja til að skipað verði aðgerðahóp undir stjórn ríkislögreglustjóra sem greini mögulegar sviðsmyndir fyrir almyrkvann. Er

indi Sævars Helga í Þjóðgarðsmiðstöðinni kveikti neistann hjá viðstöddum síðastliðinn fimmtudag og sköpuðust góðar umræður um væntingar og skipulag á svæðinu. Enn er tæpt ár til stefnu og ekki seinna vænna en að gera ráðstafanir, til að mynda er öll gisting á Vestfjörðum að seljast upp og pakkaferðir til landsins rjúka út.

Vægi ferðapjónustu og útsvar sveitarfélaga

Í nýlegri Glefsu Sambands sveitarfélaga Vesturlandi eftir Vífil Karlsson er farið yfir hvar vægi ferðapjónustu er mest í sveitarfélögum á Vesturlandi þar sem það hefur komið í umræðuna að hækka skatta á þá atvinnugrein. Stuðst var við sömu aðferð og þegar SSV gerði sambærilega athugun á vægi sjávarútvegs sem Jökull fjallaði um í 1155. tölu-blaði í kjölfar boðun á hækkun

veiðigjalda. Á Vesturlandi er það Eyja- og Miklaholtshreppur sem er hlutfallslega stærsta sveitarfélagið þegar kemur að ferðapjónustu en 23,5% af útsvarsgrunni sveitarfélagsins byggir á launum sem greidd eru af ferðapjónustufyrirtækjum og hefur orðið mikil hækkun þar á síðustu árin. Næst á eftir koma Borgarbyggð og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Tafla 1. Vægi ferðapjónustu í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024. Ræðað eftir vægi ferðapjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands

Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletruð)	Röð	2024	2017-2024
Mýrdalshreppur	1	55,5%	49,3%
Skaftárhreppur	2	50,7%	45,9%
Bláskógabyggð	3	37,3%	32,5%
Reykjanesbær	4	30,3%	30,3%
Sveitarfélagið Hornafjörður	5	28,7%	24,6%
Pingeyjarsveit	6	25,8%	25,5%
Eyja- og Miklaholtshreppur	7	23,5%	14,5%
Suðurnesjabær	8	22,2%	22,3%
Ásahreppur	9	19,8%	14,0%
Rangárþing eystra	10	19,1%	16,7%
Grindavíkurbær	11	14,7%	13,3%
Rangárþing ytra	12	13,7%	12,3%
Sveitarfélagið Vogar	13	13,4%	13,2%
Tjörneshreppur	14	13,1%	9,4%
Borgarbyggð	15	12,5%	11,5%
Sveitarfélagið Stykkishólmur	16	12,3%	12,3%
Fljótshálsahreppur	17	12,0%	11,5%
Garðabær	18	11,6%	11,3%
Hrunamannahreppur	19	10,9%	11,5%
Reykjavíkurborg	20	10,6%	10,1%
Seltjarnarnesbær	21	10,4%	9,5%
Hafnarfjarðarkaupstaður	22	10,4%	10,3%
Múlaþing	23	10,1%	9,1%
Kópavogsbær	24	9,9%	9,6%
Svalbærssstrandahreppur	25	9,5%	8,5%
Hveragerðisbær	26	9,1%	8,1%
Snæfellsbær	27	9,1%	7,1%
Kaldraneshreppur	28	8,8%	7,7%
Norðurþing	29	8,6%	8,5%
Húnaþing vestra	30	8,5%	7,9%
Árneshreppur	31	8,4%	6,9%
Akureyrarbær	32	8,2%	7,9%
Sveitarfélagið Árborg	33	8,0%	7,7%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	34	7,9%	7,1%
Eyjaárjardarsveit	35	7,8%	7,3%
Mosfellsbær	36	7,4%	7,5%
Flóahreppur	37	7,3%	8,2%
Vestmannaeyjabær	38	7,3%	5,9%
Fjallabyggð	39	7,0%	6,5%
Grundarfjarðarbær	40	7,0%	6,1%
Hörgársveit	41	6,8%	7,3%
Grímsnes- og Grafingshreppur	42	6,6%	13,0%
Ísafjarðarbær	43	6,0%	5,3%
Sveitarfélagið Ölfus	44	5,6%	5,9%
Súðavíkurbær	45	5,5%	6,2%

hólmur en í fjórða sæti á Vesturlandi er Snæfellsbær með 9% af útsvarsgrunni frá ferðapjónustufyrirtækjum. Það setur Snæfellsbæ í 27. sæti á landsvísu og fyrir ofan meðaltal. Næstur á eftir Snæfellsbæ er Grundarfjarðarbær en hann er í 40. sæti á landsvísu með 7% af útsvari frá ferðapjónustu. Farþegaskip hafa verið að koma með ferðamenn á Vesturland, til dæmis til Grundarfjarðar og Stykkishólmsbæjar. Nú þegar hafa breytingar verið gerðar á innheimtu opinberra gjalda fyrir farþegaskip og farþega þeirra sem fela í sér að óhagstæðara verður að sigla til Íslands og dvelja þar í höfnum. Því má búast við einhverjum viðbrögðum og fréttir hafa borist af færri bókunum farþegaskipa fyrir sumarið þó ekki liggi fyrir endanleg tala eða hvaða hafnir muni tapa mest á þessari breytingu. Líkt og með sjávarútveginn kannaði Vífil einnig áhrif ferðapjónustunnar á íbúðapróun og í þessari athugun SSV kom í ljós að íbúðapróun er hagfelldari í sveitarfélögum þar sem vægi ferðapjónustu er mikið frekar en þar sem hún er minni, öfugt við sjávarútveginn. Trúlega

liggur það í því að uppbygging og vöxtur hefur verið mikill um langt árabil á meðan sjávarútvegur hefur ekki getað aukið framleiðslu sína lengi nema annað slagið og svo þurft að draga aftur saman síðar. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram varðandi hækkun skatta gagnvart ferðapjónustu eða að nýjum sköttum verði komið á laggirnar. Í nýlegri skýrslu Vífils í samstarfi við Nordregio voru færð rök fyrir því að grænir skattar af ýmsu tagi muni hafa ólík áhrif á landshluta hérlandis og ein ábendingin gekk út á að flokka áfangastaði hérlandis í ómissandi og forvitnilega áfangastaði. Landshlutar með ómissandi áfangastaði verði minna varir við fækkun ferðamanna heldur en landshlutar með eingöngu forvitnilega áfangastaði. Eins má færa rök fyrir því að forvitnilegir staðir verði hlutfallslega fleiri eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu og þau landsvæði því líklegri til að verða vör við fækkun ferðamanna vegna sumra skattahækkana en þau sem nær eru. Glefsuna má finna í heild sinni á vefsíðu SSV, www.ssv.is.

SJ

Mynd 1. Ferðapjónusta og íbúðapróun



Getraunir 1x2

Nú fer að fækka leikjunum þennan veturinn í enska boltanum. Aðeins fimm umferðir eftir af mótinu. Næsta umferð verður spennandi fyrir efsta liðið, því ef liðið vinnur sinn leik á laugardaginn er ekkert lið sem getur náð þeim á toppnum og verður liðið því Englandsmeistari, en 13 stig skilja að liðin í fyrsta og öðru sæti og þá bara 12 stig í boði þegar fjórar umferðir eru eftir. Þetta er eitt af

því sem verður rætt á laugardaginn í Áttahagastofunni í getraunakaffinu og því rík ástæða til að mæta þar á milli klukkan 11.00 og 12.00 að staðartíma og taka þátt í umræðunum, fá sér kaffisopa, kannski tippa nokkrar raðir til stuðnings Víkingi og jafnframt freista gæfunnar því reiknað er með 90 milljónum í pottinum.

Áfram Víkingur



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

Sýning Svanbogar í Útgerðinni



Þann 16. apríl var opnun á myndlistarsýningu eftir Svanborgu Tryggvadóttur í Útgerðinni á Hellissandi. Fjölmennt var á opnuninni sem fékk nafnið "Á nýjum slóðum". Þetta er fyrsta sýning Svanborgar en hún hefur verið að kynna sér málalalista

síðan í upphafi árs 2024. Sýningin mun standa yfir næstu vikurnar og er hægt að bera hana augum á opnunartíma verslunarinnar. Á myndinni eru Svanborg og Rut Ragnarsdóttir, annar verslunar-eiganda Útgerðarinnar.

JJ

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025

Allar upplýsingar veita

Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is

Þrjú korter af tungli í 3 veggir

Hellissandur iðaði af listum og menningu á liðinni viku en í listrýminu 3 Veggir var sýningaropnun Ólafar Bjargar Björnsdóttur sem ber nafnið "Þrjú korter af tungli". Ólöf Björg er fædd í Reykjavík en býr og starfar í dag í Álafossverksmiðjunni í Mosfellsbæ. Hún útskrifaðist frá málara-deild Listaháskóla Íslands árið 2001. Hún hefur haldið fjölda

sýninga en sýningin "Þrjú korter af tungli" er um tilfinningalífið, gleðina, sorgina, grímdina og gæfuna. Sýningin verður opin til 11. maí næstkomandi. Á myndinni eru Ólöf Björg og Bjarni Sigurbjörnsson, annar sýningarstjóra og eiganda listrýmisins.

JJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



1. maí 2025

VIÐ SKÖPUM VERÐMÆTIN

1. maí samkomur Verkalýðsfélags Snæfellinga,
Kjalar og Sameykis verða haldnar sem hér segir:

Í Stykkishólmi hefst dagskrá kl. 13.30 á Fosshótel Stykkishólmi

Kynnir: Vignir Smári Mariásson formaður Vlf. Snæfellinga.
Ræðumaður: Valmundur Valmundsson formaður SSÍ

- Tónlistatriði frá Tónlistarskóla Stykkishólms
- Skemmtiatriði: Lalli töframaður
- Fosshótel Stykkishólmi sér um kaffiveitingar

Í Grundarfirði hefst dagskrá kl. 14.30 í Samkomuhúsi Grundarfjarðar

Kynnir: Sævör Þorvarðardóttir fulltrúi Sameykis stéttarfélags
Ræðumaður: Valmundur Valmundsson formaður SSÍ

- Tónlistatriði frá Tónlistarskóla Grundarfjarðar
- Skemmtiatriði: Lalli töframaður
- Kvenfélagið Gleym-mér-ei sér um kaffiveitingar



Í Snæfellsbæ hefst dagskrá í Klifi kl. 15.30

Kynnir: Vignir Smári Mariásson formaður Vlf. Snæfellinga.
Ræðumaður: Valmundur Valmundsson formaður SSÍ

- Tónlistatriði frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
- Skemmtiatriði: Lalli töframaður
- Félag eldri borgara í Snæfellsbæ sér um kaffiveitingar

Félagsmenn og aðrir íbúar eru hvattir til að mæta og eiga saman góðan dag.

Börn verða að vera í fylgd með fullorðnum.